


# Minningartafla

Jóns Þorsteinssonar Skjöld vefara (1771-1827)  
og k.h. Þóreyjar Jónsdóttur (1772-1843)

Ágæti vefari!

Með þessu ávarpi vísun við til þess að þú tilheyrir hinum fjölmenna niðjahópi Jóns Þorsteinssonar vefara og Þóreyjar Jónsdóttur, sem á fyrri hluta 19. aldar bjuggu austur á Fljótsdalshéraði og eignuðust 14 börn.



Í minningu þeirra hjóna var skömmu fyrir 1850 gerð stór grafskrift eða minningartafla úr tré (84x143 sm) og henni komið fyrir á kórgafla Valþjófsstaðarkirkju í Fljótsdal. Þar hékk hún uppi í riflega 100 ár, en hefur síðan verið í misgóðri geymslu í hartnær hálfu öld.

Þeim niðjum sem þekkja til töflunnar hefur lengi runnið til rifja slæmt ástand þessa vandaða og merka forngríps, sem auk þess er eina ápreifanlega minningin um jarðvist Jóns og Þóreyjar. Því vaknaði sú hugmynd, að Vefarar tækju höndum saman, kostuðu gagngera viðgerð töflunnar og veldu henni í samráði við umráðaaðila sómasamlegan sýningarstað til frambúðar austur á Héraði.

Nú hillir undir farsælan framgang þessa verks, sem dágóður hópur Vefara hefur að undanfögnu sameinast um að leiða til lykta. Sérstök nefnd hefur tekið að sér að hafa umsjón með viðgerð töflunnar og í því skyni samið við sérhæft forvörsluverkstæði um að ljúka því verki eigi síðar en í apríl n.k. Í fjáröflunarnefnd hafa valist fulltrúar allra ættkvísla Vefaraættarinnar, þ.e. þeirra 10 barna Jóns og Þóreyjar sem

eignuðust afkomendur. Úr þeim hópi hefur okkur þremur sem þetta bréf ritum verið falin yfirumsjón fjáröflunarinnar.

Í þetta verkefni er ráðist í þeirri bjargföstu trú, að alldrjúgur hluti hinna 6-7000 niðja Jóns og Þóreyjar hér á landi muni leggja því lið. Umsaminn viðgerðarkostnaður með tilfallandi umstangi mun nema 800-900 þús. kr., enda er verkið sérhæft og tímafrekt. Til að afla þess fjár úr okkar stóra frændgarði viljum við með þessu bréfi leita sérstaklega til niðja í 4.- 6. ætlið, þótt að sjálfsögðu sé liðveisla allra niðja kærkomin og sem viðtækust samstaða æskileg. Sem viðmiðunarframlag nefnum við **3.000 kr.**, en allur fjárstuðningur (minni eða meiri) er þakksamlega þeginn. Framlög óskast greidd sem fyrst vegna skuldbindinga um viðgerð töflunnar og eigi síðar en **15. febrúar** á söfnunarreikning í Landsbanka Íslands - aðalbanka **nr. 0101 - 05 - 296000** sem sérstaklega hefur verið stofnaður í nafni **Vefaraættin - niðjasamtök, kt. 691206-0410**. Samtökin halda úti vefsíðunni: <http://vefari.bloggar.is/> og er þar að finna nánari upplýsingar um verkefnið.

Tvennt er efst í huga okkar sem að þessu verki stöndum: **Að rækja** með þessu skyldur okkar við minningu sameiginlegra ættforeldra, og **að treysta** ættarbönd og samtakamátt Vefara með táknrænum hætti. Væntum við þess að á komandi sumri megi Vefarar fagna þessu sameiginlega framtaki og endurbættri minningartöflu á ættarslóðunum eystra í tilefni þess að þá verða 210 ár liðin frá giftingu Jóns og Þóreyjar. Verði afgangur af söfnunarfé er sjálfgefið að verja þeim sjóði til enn frekari ræktarsemi við ættforeldrana, t.d. samantektar og útgáfu á niðjatali þeirra, - Vefaraættinni.

Reykjavík, í janúar 2007,  
f.h. framkvæmdastjórnar fjáröflunarnefndar

Með bestu ættarkveðjum,

Bergljót Haraldsdóttir  
*Bergljót Haraldsdóttir*

Guttormur P. Einarsson

*Guttormur P. Einarsson*

Ragnar S. Halldórsson

*Ragnar S. Halldórsson*